

REGLUGERÐ

um (3.) breytingu á reglugerð nr. 115/2018 um togveiðar á kolmunna 2018.

1. gr.

3. og 4. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar falla brott.

2. gr.

3. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar verður svohljóðandi:

Heimilt er hverju skipi að veiða allt að 10% umfram aflamark í kolmunna á árinu 2018 og dregst sá umframafli frá aflamarki þess á árinu 2019. Þá er heimilt að flytja allt að 10% af ónýttu aflamarki fiskiskips frá árinu 2018 til ársins 2019.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, með síðari breytingum, laga nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, með síðari breytingum og laga nr. 151/1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, með síðari breytingum. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 5. desember 2018.

Kristján Þór Júlíusson
sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

Jóhann Guðmundsson.